

86
7. des.

6. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 kr., er renni í sveitar-sjóð Borgarhrepps.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af hreppsnefnd Borgarhrepps samkvæmt lögum nr. 66, 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1926, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1925.

Jón Þorláksson.

Oddur Hermannsson.

87
31. des.

REGLUGJÖRÐ

um
hundahald í Eskifjarðarkauptúni.

1. gr.

Bannað er að halda hunda í Eskifjarðarkauptúni. Bann þetta gildir einnig um þá hunda, sem kunna að vera taldir að eiga heima utan kaupsins, en vitanlegt er um, að eigendur þeirra eru búsettir á Eskifirði og hundarnir hafðir þar að staðaldri.

Ákvæði þessi gilda fyrir svæði það, sem verslunarlóð kaupsins nær yfir.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 100 til 300 krónum, sem renna í hreppssjóð Eskifjarðarhrepps. Auk þess er hver sá hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst í kaupsinu, nema hann fylgi utankaupsmanni.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1926.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. des. 1925.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.